

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 12. fundar verkefnahóps BS Vest haldinn mánudaginn 14. nóvember 2011 kl. 13.00 með aðstoð síma. Auk verkefnahóps voru boðaðir á fundinn fjármálastjórar, framkvæmdastjórar sveitarfélaga og varaformaður stjórnar BS Vest. Mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, formaður verkefnahóps (Patreksfirði), Guðný Hildur Magnúsdóttir (Bolungarvík), Hildur Jakobína Gísladóttir (Hólmavík) auk þeirra sat Friðbjörg Matthíasdóttir (Bíldudal) varaformaður stjórnar BS Vest í forföllum formanns og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri (Ísafirði), sem einnig ritaði fundargerð. Ekki náðist á aðra aðila sem boðaðir voru til fundarins eða þeir voru forfallaðir.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrá fundarins sem send var út 10. nóvember s.l..

1. Fundargerð 11. fundar verkefnahóps þann 1. nóvember 2011. Fundargerð var send út með tölvupósti þann 1. nóvember, fram komu athugasemdir og fundargerð send út að nýju, hún staðfest í tölvupósti. Fundargerð borinn upp og samþykkt.
2. Kostnaðargreining þjónustu við fatlað fólk 2010 og jöfnun 2012.
Kynning erindis Sigurðar Helgasonar, Stjórnháttum ehf, flutt á fundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með fulltrúum þjónustusvæða. Fundurinn var haldinn í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands, þann 4. nóvember s.l., kl 10-12. Á fundinn mættu formaður verkefnahóps og framkvæmdastjóri BS Vest og félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar. Efni erindisins er að finna á heimasíðu innanríkisráðuneytis <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/27337>

Formaður kynnti efni erindis þar sem kynnt er heildarmat á þjónustubörf og mat á kostnaði fyrir landið í heild og á einstök þjónustusvæði fyrir árið 2012 á grundvelli upplýsinga frá árinu 2010. Tekjuáætlun fyrir þjónustusvæði BS Vest gerir ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2012, að tekjur geti numið um 291,9 mkr, sem er hækkun um 61,4 mkr frá árinu 2011, með ákveðnum fyrirvörum.

Rætt um efni erindis og niðurstaðna kostnaðargreiningar á rekstur ársins 2011 og fjárhagsáætlun ársins 2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.15.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri